

Samkomulag um afhendingu poppminja

Undirritaðir, annarsvegar fulltrúi Rokksafn Íslands og Byggðasafns Reykjanesbæjar og hinsvegar fulltrúi eiganda viðkomandi poppminja, gera með sér svofellt samkomulag:

- 1) Nafn: Elin Jakobs kt. 2801543269 heimilisfang: _____, afhendir Rokksafni Íslands til eignar muni sem tilgreindir eru á fylgiskjali 1. Rokksafn Íslands heitir því að varðveita munina, viðhalda þeim og fara með þá í einu og öllu samkvæmt verklagsreglum Byggðasafns Reykjanesbæjar, safnalögum og siðareglum ICOM, alþjóðasamtaka safna.
- 2) Rokksafn Íslands tekur poppminjar þessar til varðveislu í samráði við Byggðasafn Reykjanesbæjar, sem hefur umsjón með öllum safngripum, munum og minjum og tryggir varðveislu þeirra.
- 3) Rokksafn Íslands fær fullt leyfi til að nýta munina sem sýningargripi á sýningum safnsins ásamt viðhlítandi upplýsingum. Á milli sýninga eru munirnir geymdir hjá Byggðasafni Reykjanesbæjar.
- 4) Munirnir verða hér eftir í vörslu Rokksafns Íslands og Byggðasafns Reykjanesbæjar. Þeir verða ekki seldir, gefnir eða afhentir öðrum til eignar. Heimilt er að lána munina til lengri eða skemmri tíma í tengslum við sýningar á öðrum söfnum eða stöðum eins og getið er um í útlánareglum Byggðasafns Reykjanesbæjar og í siðareglum ICOM.
- 5) Óski fulltrúi gefenda og/eða fyrri eigenda eftir að fá muni sem afhentir hafa verið Rokksafni Íslands til nota í tengslum við sýningu lýtur slík beiðni gildandi safnareglum og starfsreglum Byggðasafns Reykjanesbæjar.
- 6) Samkomulag þetta er gert í þremur samhljóða eintökum og skulu fulltrúar undirrita öll eintökin eigin hendi í vitna viðurvist. Að undirritun lokinni heldur hver aðili sínu eintaki.

Reykjanesbæ 15/5 20 17

F.h. Rokksafns Íslands

Ólafur Þorgrímsson
Nafn og kennitala

F.h. gefenda/eigenda muna

Elin J. Jakobsdóttir
Nafn og kennitala

Vottar:

Guðrún Vilma Þeyrisson kt. 200266-5449

_____ kt. _____